



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kl. Síðisfjarðar 4550 Sími: 470 2300 - Fax: 472 1585

Þvöðholt 13 - Hálmargata 44 - 710 Seyðisfjörður

Veffang: skrifstofa@seydisfjardur.is - Veffang: www.seydisfjardur.is

Alþingi
b.t. alþingismanna
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seyðisfirði 12. júní 2015

ERINDI TIL ALÞINGISMANNA

Á 1699. fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 10. júní 2015 voru Fjarðarheiðargöng á dagskrá. Bæjarstjórn samþykkti eins og kemur fram í bókun hér á eftir eftirfarandi áskorun, feitletrað til umhverfis- samgöngunefndar og alþingismanna.

5. Fundargerð bæjarráðs nr. 2327

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

*„Bæjarstjórn tekur undir svohljóðandi ályktun bæjarráðs sem fram kemur í lið 1:
„Í samgönguáætlun 2015-2018 er gert ráð fyrir 70 milljónum króna á ári til rannsókna við Seyðisfjarðargöng undir Fjarðarheiði. Bæjarráð Seyðisfjarðar leggur megináherslu á að rannsóknarborunum vegna ganganna verði lokið á árinu 2015 til að unnt verði að vinna áfram að úrvinnslu og hönnun á næstu tveimur árum. Bæjarráð skorar því á umhverfis- og samgöngunefnd að leggja til að færðir verði fjármunir innan áætlunarinnar með það að leiðarljósi. Bæjarráð bendir á að líkur eru á að þannig náist betri nýting rannsóknarfjárins.“
Bæjarstjórn ítrekar að rannsóknum og undirbúningi ljúki á árinu 2016. Jafnframt verði lögð áhersla á að framkvæmdir við Seyðisfjarðargöng undir Fjarðarheiði hefjist á fyrsta tímabili samgönguáætlunar eða ekki síðar en 2017. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ítrekar vilja til viðræðna um að veggjöld verði liður í fjármögnun Seyðisfjarðarganga, enda verði það til að flýta fyrir ákvörðun um framkvæmd þeirra. Bæjarstjórn skorar á alþingismenn að styðja þessar réttmætu kröfur Seyðisfirðinga.“*

Fundargerð og tillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Virðingarfyllst,


Vilhjálmur Jónsson

Afrit: Innanríkisráðherra
Vegamálastjóri